

Nokkur orð um esseyjur (*Essais*) Michels de Montaigne

Michel Eyquem de Montaigne fæddist árið 1533. Hann var sonur Pierre, Seigneur de Montaigne, og konu hans Antoinette de Louppes. Eitt af því sem einkenndi æsku Montaignes var áhugi foreldra hans á að láta hann læra erlend tungumál frá unga aldri og fyrstu árin var eingöngu töluð latína við barnið. Fleiri tungumál bættust svo við, ásamt frönskunni. Montaigne lagði stund á lögfræði og starfaði meðal annars sem bæjarstjóri í Bordeaux. Hann hóf ritun verksins *Essais* árið 1571 og kom fyrsta gerð þess út árið 1580. Þar var að finna tvo fyrstu hluta esseyjanna en verkið var endurútgefið árið 1588, í endurskoðaðri gerð, ásamt þriðja hluta. Montaigne lést árið 1592 en þá vann hann enn að endurskoðun esseyjanna sem komu út í lokagerð 1595.

Hér er þýdd XX. esseyja 1. bindis sem ber heitið *Que philosopher, c'est apprendre à mourir* eða „Að iðka heimspeki er ígildi þess að læra að deyja“. Verkið *Essais* er eitt af þekktustu bókmenntaverkum 16. aldar og eitt af fyrstu verkum bókmenntasögunnar þar sem höfundur fjallar um sjálfan sig þótt ekki sé um hefðbundna sjálfsævisögu að ræða. „Ég sjálfur er efniviður bókar minnar,“ segir höfundurinn í upphafi verksins og í því fjallar Montaigne um reynslu sína og hugsanir sem hann setur í samhengi við samtíma sinn og fornöld, sem var honum mjög hugleikin og nálæg, eins og fleiri menntamönnum endurreisnartímans. Aðeins ein þýðing á verkum Montaigne er til á íslensku og kom hún út hjá tímaritinu *Milli mála* árið 2013.

Texti Montaignes er á margan hátt dæmigerður fyrir ritmál 16. aldar í Frakklandi en einnig afar persónulegur. Setningar eru iðulega langar og flóknar og reyna talsvert á sveigjanleika íslenskunnar. Hér mun þýðandi reyna að halda nokkuð fast í stíl og setningaskipan höfundarins en um leið gera textann eins aðgengilegan og hægt er á íslensku. Í sumum útgáfum tíðkast að merkja inn viðbætur og breytingar Montaignes í textana þannig að sjá megi hvernig þeir þróuðust og breyttust í hugsun hans með hverri endurútgáfu. Í þýðingunni sem á eftir kemur hafa slík merki verið felld út til að textinn verði samfelldur og auðlesnari. Benda má á, til merkis um stöðug heilabrot Montaignes, að hann átti eftir að skipta um skoðun varðandi heimspekilegar forsendur þessarar esseyju eins og fram kemur í esseyjunni „Um reynslu“ sem er að finna í þriðja hluta verksins (III, 13) og er jafnframt síðasti kafli þess. Þar lýkur leit Montaignes og þar setur hann fram jákvæðari sýn á lífið en hér¹

1 Um Michel de Montaigne má lesa í grein undirritaðrar „Sjálfsmynd og villimenn nýja heimsins“, *Milli mála* 5/2013, bls. 177–195 og þar er einnig að finna íslenska þýðingu á esseyunni „Af mannætum“, bls. 317–330.